



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B/t Hafðisar Ólafsdóttur
Þórshamri
150 Reykjavík



ÍSLANDBANKI

Alþingi

Erindi nr. P

122/367

komudagur 3.12.197

Reykjavík, 2. desember 1997

Umsögn um frumvarp til laga um ríkisábyrgðir.


Íslandsbanki hf. fagnar því frumvarpi sem ríkistjórnin hefur lagt fram um ríkisábyrgðir. Eftir langan og vandaðan undirbúning standa nú vonir til þess að Alþingi samþykki lög sem á fjölmargan hátt bæta stofnun, meðferð og gjaldtöku ríkisábyrgða.

Þess gerist ekki þörf að Íslandsbanki hf. sendi almenna umsögn um öll efnisatriði frumvarpsins. Á hinn bóginn vill bankinn koma á framfæri við nefndina ábendingum sem varða jöfnun samkeppnisskilyrða banka og sparisjóða og felast í 6. gr. frumvarpsins. Ábendingarnar varða gjaldstofninn, gjaldahlutfallið og þau áhrif sem gjaldtakan mun valda.

Í fyrsta lagi er eðlilegt að almenn regla um greiðslu fyrir afnot ríkisábyrgða eigi að gilda um ríkisviðskiptabankana eins og önnur fyrirtæki í eigu ríkisins. Hvað varðar einstaka skuldaliði þeirra þá ætti strangt tekið að vera einhver gjaldtaka af þeim öllum. Innlán eru undanskilin samkvæmt frumvarpinu þrátt fyrir að dæmi séu um að viðskiptamenn geymi innstæðufé sitt fremur í ríkisviðskiptabönkum vegna þeirrar ábyrgðar sem þeir njóta. Á hinn bóginn ber að fagna því að fyrri undanþága frá gjaldtöku vegna lána og ábyrgða sem tengjast utanríkisviðskiptum er felld niður (samkvæmt 7.gr.). Mest er hér um stutt lán að ræða og réttilega er bent á í greinargerðinni að fjármögnun þessara lána verður ekki greind frá öðrum í efnahag bankanna.

Í öðru lagi er eðlilegt að innlend lántaka sé loksins lögð að jöfnu við erlenda. Mörg ár eru síðan ríkisviðskiptabankarnir fóru að fjármagna sig að hluta með innlendri verðbréfaútgáfu í stað erlendarar lántöku. Ef illa færi fyrir ríkisviðskiptabanka myndu kröfur á hendur ríkissjóði koma fram vegna innlendrar lántöku rétt eins og vegna erlendrar. Í þessu eins og fleiru er tímært að ríkissjóður fái tekjur af ábyrgð sinni.

Í þriðja lagi er staðreynd að ríkisviðskiptabankar hafa notið góðs af ríkisábyrgðinni í lántökum sínum og gjaldahlutfallið er jafnvel of lágt. Gjaldahlutfallið er lágmark þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir (0,25-4,0%) og innan við það vaxtaálag sem þegar er tekið af húsbrefum (0,35%). Í samkeppni á markaðnum um útlán verður þess ekki vart að ríkisviðskiptabankarnir séu að veita lán á lægri vöxtum en keppinautarnir. Af þeirri staðreynd leiðir að allt það sem ríkisviðskiptabankarnir hafa notið í lægri lántökukostnaði nýtist þeim sjálfum beint og ættu þeir því að vera borgunarmenn fyrir



ríkisábyrgðagjaldi. Í erlendum lántökum hafa ríkisbankarnir fengið auðveldari aðgang að lánsfé, lengri lánstíma, lægri kostnað við útvegum láns og lægra vaxtaálag sem hefur á síðustu árum numið 6-40 punktum fyrir lán til lengri tíma en 1 árs. Á innlendum fjármagnsmarkaði hafa bankabréf ríkisbankanna verið með ávöxtunarkröfu sem hefur verið um 20 punktum lægri en bankabréf Íslandsbanka en sá munur hefur verið töluvert meiri í samanburði við kjör skuldabréfa helstu sparisjóða (allt að 60 punktar). Á hinn bóginn eru svipaðir vextir á bankavíxlum en þar sem lánstími víxlanna er stuttur munu ríkisbankarnir sáralítið greiða í sérstakt ábyrgðagjald vegna eldri bankavíxla.

Í fjórða lagi ber að skoða áhrif þeirrar gjaldtöku sem 6. gr. frumvarpsins felur í sér. Gjaldtakan mun hvetja til uppgreiðslu fyrri lána með ríkisábyrgð og jafnvel vera lítið lóð á brautinni til einkavæðingar bankanna sjálfra. Hvorutveggja dregur úr ábyrgð ríkissjóðs. Gjaldtakan bætir úr þeirri samkeppnismismunun sem ríkisábyrgðinni fylgir en sú samkeppnismismunun hefur komið fram sem meginathugasemd ESA, eftirlitsstofnunarinnar EFTA.

Íslandsbanki hf. fagnar framkomnu frumvarpi. Þrátt fyrir að færa megi rök fyrir að gjaldstofninn ætti að vera víðtækari og gjaldahlutfallið mætti í sumum tilvikum vera hærra, leggur Íslandsbanki hf. til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt hvað varðar 6. grein þess.

Virðingarfyllst,

ÍSLANDBANKI HF.

